

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

#### 1. gr.

Fyrir útgáfu diplómata- og þjónustuvegabréfa skal greiða eftirfarandi gjöld:

1. Fyrir útgáfu diplómata- og þjónustuvegabréfa til handhafa eldri en 16 ára: kr. 4.000.
  2. Fyrir útgáfu diplómata- og þjónustuvegabréfa til handhafa undir 16 ára aldri: kr. 1.500.
- Gjöld þessi skulu ekki innheimt vegna útgáfu vegabréfa fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, maka þeirra og börn.

#### 2. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18-66 ára: kr. 4.000.
2. Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra: kr. 1.500.
3. Heimilt er að innheimta útlagðan kostnað ofan á þau gjöld sem hér eru tilgreind samkvæmt reikningi, t.d. vegna sendingarkostnaðar vegabréfa o.þ.h.

#### 3. gr.

Fyrir önnur embættisverk greiðast eftirfarandi gjöld:

1. Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki: kr. 1.000.
2. Fyrir veitingu útflutningsleyfis: kr. 1.000.
3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskorunar fyrir einstaklingi stöddum erlendis: kr. 5.000.
4. Fyrir staðfestingu undirskriftar stjórnvalda og einstaklinga („legaliseringu“); kr. 1.000, fyrir hvert skjal.
5. Fyrir aðrar staðfestingar: kr. 1.000.
6. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana: kr. 10.000.
7. Fyrir þýðingu, hver síða: kr. 2.000. Lágmarkagjald (stutt vottorð o.þ.h.): kr. 800.
8. Fyrir aðstoð við útvegum vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöldum eða öðrum á Íslandi eða erlendis: kr. 3.000.
9. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum:
  - a) Fyrir millifærslu allt að kr. 50.000: kr. 3.000.
  - b) Fyrir millifærslu á bilinu kr. 50.000, til kr. 200.000, kr. 7.500.
  - c) Fyrir millifærslu yfir kr. 200.000: 5% af upphæðinni, þó aldrei meira en kr. 200.000.
10. Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að innheimta samkvæmt skriflegum samningi þóknun fyrir sérstök verkefni í þágu einstaklinga eða fyrirtækja svo sem innheimtu-aðgerðir eða markaðsathuganir: kr. 3.500 á klst.

#### 4. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld sem kjöræðismenn innheimta, þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands á útgáfudegi reglu-

gerðarinnar. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina. Upphæð gjalds skal rituð á viðkomandi skjal ef við á. Gefa skal út kvittun fyrir gjöldunum og rita á hana fyrir hvað þau eru innheimt.

5. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í ráðuneytinu, íslenskum sendiráðum og á ræðisskrifstofum. Í ensku þýðingunni skal færa gjöldin í Bandaríkjadöllum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur þá út gildi reglugerð nr. 32/1987, um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

*Utanríkisráðuneytið, 31. desember 1993.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Þorsteinn Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski.

1. gr.

*Upphafsaðkvæði.*

Endurgreiða skal fiskverslunum hluta virðisaukaskatts af neyslufiski eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

*Neyslufiskur sem endurgreiðsla tekur til.*

Eftirtalinn neyslufiskur fellur undir endurgreiðsluákvæði reglugerðar þessarar: Ýsa, þorskur, ufsi, steinbítur, karfi, langa, keila, lúða, koli, skata, skötuselur, rauðmagi og grásleppa, sem fiskheildsalar eða eftir atvikum smásalar með fisk kaupna nýjan, saltaðan, reyktan eða siginn til endursölu eða frekari vinnslu innanlands.

3. gr.

*Aðilar sem fá endurgreiðslu.*

Eftirtaldir aðilar fá endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari, enda selji þeir neyslufisk sem um ræðir í 2. gr.: Heildverslanir með fisk sem kaupna óunninn fisk beint af fiskmarkaði, frá fiskvinnslufyrirtæki eða útgerðaraðila. Fisksalar (smásalar) og matvöruverslanir, sem m.a. selja fisk í smásölu, fá þó endurgreiðslu ef þessir aðilar kaupna óunninn fisk beint af fiskmarkaði, frá fiskvinnslufyrirtæki eða útgerðaraðila, en ekki af heildverslun.

Þeim sem um ræðir í 1. mgr. er skylt að nýta endurgreiðslufjárhæðina að fullu til frádráttar söluverði sínu á neyslufiski sem þeir selja og endurgreiðsla tekur til.